

## 32. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 30. maí 2001 kl. 08:00 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf.

Mættir: Gunnar Bragason, Pétur Bjarnason, Ingi Arason, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð 31. fundar samþykkt.

### Varamenn

Formaður bauð Guðmund Tryggava Ólafsson, varamann í stjórn og hópstjóra starfshóps um lífrænan úrgang og endurvinnslu, velkominn á stjórnarfundinn. Stefnt er að því að framvegis sitji varamenn stjórnarfundum.

### LCA, innheimta styrkja.

Ákveðið að leita eftir fjárstyrk frá þeim aðilum innan FENÚR, sem hag kunna að hafa af aðgengi að LCA greiningarkerfinu. Stjórnarmenn sjá um að fylgja eftir kynningarbréfi, sem hefur verið sent félagsmönnum vegna þessa.

### Merkingar.

Stjórn samþykkir að senda kynningarbréf um merkingakerfið til félaga í FENÚR ásamt gíróseðlum samkvæmt tillögum um skiptingu á fjármögnun verkefnisins, sem lögð var fram á 30. stjórnarfundum.

Formaður athugar vilja Umhverfissráðuneytis um þátttöku í kynningarkostnaði, auglýsingum og umfjöllun og aðkomu Umhverfissráðherra að kynningunni.

I.A. og G.Tr. afla upplýsinga um auglýsinga og kynningar kostnað.

### Starfshópar.

Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum, hefur lítið heyrst frá starfshópunum eftir aðalfund. Rætt um hvort rétt sé að finna ný nöfn á starfshópum, eftir að þeim var fækkað og viðfangsefnum þeirra þjappað saman. Vonast er til að seta hópstjórnanna á stjórnarfundum verði hvatning til að efla starfið.

### ISWA ráðstefna í Stavanger 3-5 sept. nk.

P.B. kannaði kostnað vegna leiguflugs til Stavanger. Kostnaður virðist það mikill, að aðrir kostir eru fýsilegri (áætluarflug). Björn Halldórsson, kynnir ráðstefnuna á heimasíðu FENÚR á næstunni.

### Breyting á netfangi.

B.H og J.P halda áfram að vinn að breytingu úr “fenur.com” í “fenur.is”, og kannu kostnað vegna þess.

### Önnur mál.

Rætt almennt um starfið framundan og mál, sem FENÚR þarf að koma að t.d. urðunartilskipun Evrópusambandsins.

Næsti fundur 20 júní kl. 15:30 á skrifstofu SORPU

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30

Á.R.

